

19

7. maí

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin eldri lög og fyrirmæli, er fara í bága við þessi lög.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.

20

7. maí

L Ö G

um

skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Gullbringu- og Kjósarsýslu skal vera eitt kjördæmi og kjósa einn alþingismann.

2. gr.

Hafnarfjarðarkaupstaður skal vera eitt kjördæmi og kjósa einn alþingismann.

3. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar við næstu óhlutbundnar kosningar til Alþingis í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Fari þá fram kosning á aðeins einum þingmanni, skal hann kosinn fyrir Hafnarfjarðarkaup-

stað. Hinn þingmaðurinn telst þá þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu samkvæmt 1. gr. 20
7. maí

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.

L Ö G

um

21
7. maí

sölu prestssetursjarðarinnar Garða á Akranesi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórnæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Að fengnu samþykki hlutaðeigandi sóknarprests skal ríkisstjórninni heimilt að selja Ytra-Akraneshreppi í Borgarfjarðarsýslu prestssetursjörðina Garða á Akranesi ásamt þeim hjáleigum jarðarinnar, er ráðuneytið telur mega selja frá prestakallinu.

2. gr.

Um mat á því, er selt verður, og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.